

**17. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
3. september 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

- 1. 1508111 - Höfðagrund 9- byggingarleyfi sólstofa**  
Umsókn Kristínar Magnúsdóttur um viðbyggingu við Höfðagrund 9.  
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að farið verði í uppfærslu á skipulagi á Sólmundarhöfða.*
- 2. 1508371 - Blómalundur 2-4, sækja um breytingu á byggingarreit**  
Erindi Halldórs Stefánsson fh. Trésmiðjunnar Akurs ehf um heimild til að færa byggingarreit 1,5 m fjær lóðamörkum við götu, samkvæmt meðfylgjandi teikningu.  
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt samkvæmt 3.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
- 3. 1405059 - Deilisk. - Dalbraut-Þjóðbraut, Dalbraut 6**  
Skipulag endurskoðað m.a. með tilliti nýtingarhlutfalls svæðisins.  
*Kynntar voru hugmyndir að breyttu deiliskipulagi. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leggja fram hugmyndir að breyttu skipulagi á næstu fundi ráðsins í takt við umræður á fundinum.*
- 4. 1508022 - Kirkjubraut 1 - fyrirspurn að byggja ofan á húsið**  
Fyrirspurn Ingólfs Árnasonar um breytingu á Kirkjubraut 1 samkvæmt meðfylgjandi teikningum.  
*Einar Brandsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.  
Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.*
- 5. 1508430 - Umsögn vegna ökutækjaleigu**  
Bréf Samgöngustofu dags. 28. ágúst 2015 varðandi umsögn um ökutækjaleigu.  
*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við að heimiluð verði ökutækjaleiga við Akursbraut 11. Ráðið leggur til við bæjarstjórn að veita jákvæða umsögn vegna erindisins.*

ETB

6. **1408071 - Kirkjubraut 33, eignaskiptayfirl. endurnýjun lóðaleigusamnings.**  
Skipulags- og byggingarfulltrúi fer yfir stöðu málsins.  
*Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna áfram með málið í takt við umræður á fundinum.*
  
7. **1508082 - Gjaldskrá skipulags- og byggingarmála og tengd þjónustugjöld 2015**  
Gjaldskrá lögð fram.  
*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi þjónustugjaldskrá skipulags- og byggingarmála og vísar henni til samþykktar hjá bæjarstjórn.*
  
8. **1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna**  
Beiðni bæjarráðs um tillögu skipulags- og umhverfisráðs um breytingar á framkvæmdaáætlun 2015. Áhersla er lögð á að fá kostnaðarmat á framkvæmdum við Jaðarsbakkalaug.  
*Drög að endurskoðaðri framkvæmdaáætlun 2015 lögð fram. Sviðsstjóra falið að vinna hana áfram fram að næsta fundi.*
  
9. **1506064 - Skipulags- og umhverfissvið - fjárhagsáætlun 2016**  
Fyrstu drög að starfsáætlun 2016 kynnt.  
*Sviðsstjóra falið að vinna áfram að starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2016 í takt við umræður á fundinum.*
  
10. **1508345 - Vesturgata 141, endurnýjun lóðaleigusamnings**  
*Lagt fram til kynningar.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

Einar Þ. Brásson  
Rúna Ósarsdóttir  
Kantás Jónsdóttir  
Valgerður S. J.  
Kristín Sjungvígisd.  
Sig. P. H.  
Halldís Sig. rit.  
Mánu Þjarnadóttir